

Umhverfisstefna Þingeyjarsveitar

2022-2032

SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN 14.12.2022



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Leiðarljós.....	3
Stefna og hlutverk sveitarfélagsins.....	3
Forsendur.....	4
Markmið.....	4
Loftslag og orka.....	5
Formáli.....	5
Hlutverk.....	5
Forsendur.....	5
Orkuframleiðsla, dreifing og notkun.....	5
Samgöngur og orkuskipti.....	6
Úrgangur og endurnýting.....	7
Kolefnislosun og binding í gróðri og jarðvegi.....	7
Markmið sem tengjast þessum kafla:.....	8
Leiðir.....	8
Náttúra og landslag.....	10
Formáli.....	10
Hlutverk.....	10
Forsendur.....	10
Markmið sem tengjast þessum kafla.....	10
Leiðir.....	11
Samfélag og lýðheilsa.....	11
Formáli.....	11
Hlutverk.....	12
Forsendur.....	12
Markmið sem tengjast þessum kafla.....	12
Leiðir.....	12
Atvinnustarfsemi.....	14
Formáli.....	14

Hlutverk.....	14
Ferðapjónusta	14
Forsendur	14
Landbúnaður	15
Forsendur	15
Önnur atvinnustarfsemi	15
Forsendur	15
Markmið sem tengjast þessum kafla.....	15
Leiðir	16
Viðauki 1 – Samningar og samkomulög.....	18

Inngangur

Haustið 2019 skipaði sveitarstjórn Þingeyjarsveitar nefnd sem vinna skyldi umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið en engin slík stefna var til. Vinna við stefnuna fór þó ekki af stað fyrr en haustið 2020. Í nefndinni sitja Einar Örn Kristjánsson sem leiðir nefndina, Nanna Þórhallsdóttir og Sigurlína Tryggvadóttir. Helga Sveinbjörnsdóttir er starfsmaður nefndarinnar. Breytingar í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna 2022 var ákveðið að umherfisnefnd uppfærði eldri stefnu. Í nefndinni eru: Anna Bragadóttir, Arnheiður Rán Almarsdóttir, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Rúnar Ísleifsson og Sigurður Böðvarsson.

Nefndin skoðaði stöðu umhverfismála í sveitarfélaginu. Horft var á samninga, stefnur og annað opinbert efni sem sveitarfélaginu er gert að vinna eftir og einnig stefnur sem sveitarfélagið hefur áhuga á að hafa til fyrirmyndar. Unnið er að endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins sem gildir til 2022. Vinna við umhverfisstefnu og endurskoðun aðalskipulags eru unnar samhliða og falla því vel hvor að annarri.

Leiðarljós umhverfisstefnunnar eru almenns eðlis og lýsa heildarmarkmiði stefnunnar. Markmiðin eru nánari skilgreiningar í átt að leiðarljósum hennar.

Samhliða vinnu umhverfisstefnunnar verður gerð aðgerðaáætlun. Hún verður uppfærð tvisvar á ári og inniheldur vörður, tímasettar og mælanlegar, sem eru skref í áttina að markmiðum sem sett eru fram í stefnunni.

Leiðarljós

- Að sveitarfélagið Þingeyjarsveit verði til fyrirmyndar í umhverfismálum og hafi sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í starfi sínu
- Að umhverfisstefnan og framkvæmd hennar verði fastur liður í starfi sveitarfélagsins
- Að Þingeyjarsveit verði aðlaðandi búsetukostur, framsækið, vistvænt og heilsueflandi samfélag
- Að auka umhverfisvitund og umhverfisábyrgð einstaklinga og fyrirtækja í sveitarfélaginu

Stefna og hlutverk sveitarfélagsins

Hlutverk sveitarfélaga í umhverfismálum er margþætt. Sveitarfélög sinna ýmiskonar grunnþjónustu sem varða umhverfismál auk þess sem þau sjá um skipulag sem segir til um fyrirkomulag byggðar og mótun umhverfis. Hlutverk sveitarfélaga eru m.a. loftslagsmál, úrgangsmál, heilbrigðiseftirlit, náttúruvernd o.fl. Þingeyjarsveit stefnir að því að vera leiðandi og góð fyrirmynd í umhverfismálum og stuðla að hvetjandi aðgerðum fyrir íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið skal hafa frumkvæði að fræðslu fyrir íbúa og fyrirtæki um umhverfismál.

Forsendur

Í Þingeyjarsveit búa um 1.400 íbúar. Sveitarfélagið er víðfeðmt og dreifbýlt, þar er stundaður landbúnaður og ferðaþjónusta ásamt annarri atvinnustarfsemi. Þrír grunnskólar með fjóraar leikskóladeildir eru í sveitarfélaginu sem og framhaldsskóli.

Umhverfismál í Þingeyjarsveit skipa stærri sess með hverju árinu sem líður. Sorphirðukerfi og gámavöllir hafa verið byggðir upp á tveimur stöðum. Orka, bæði hiti og rafmagn, er unnin úr endurnýjanlegum orkuauðlindum.

Hingað til hefur ekki verið unnið nægjanlega markvisst og á samfelldan hátt að framförum og úrbótum í umhverfistengdum málum, en með þessari stefnu og aðgerðaráætlun samhliða henni verður það gert.

Aðgerðaáætlun sem stefnunni fylgir verður með tímasettum og mælanlegum vörðum og ábyrgðaraðila fyrir hvert verkefni. Aðgerðaáætlun er mikilvægt verkfæri til að framfylgja umhverfisstefnunni og þeim umhverfismálum sem sveitarstjórn vill vinna að á hverjum tíma. Hún er lifandi skjal þar sem verkefni eru tekin út þegar þeim er lokið og öðrum bætt við eftir þörfum. Umhverfisnefnd mun taka aðgerðaáætlunina fyrir reglulega að fylgjast með framvindu mála og uppfæra áætlunina eftir því sem við á.

Markmið

Í umhverfisstefnunni er lagt upp með eftirfarandi markmið. Í hverjum kafla er nánar útlistað hvernig ætlunin er að framfylgja þeim markmiðum sem eiga við hverju sinni.

- 1 Að Þingeyjarsveit verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2040
- 2 Að Þingeyjarsveit vinni áfram að bætingu og þróun sorpmála
- 3 Að Þingeyjarsveit hvetji til vistvænni ferðamáta
- 4 Að auka nýsköpun innan svæðisins með sjálfbærni í fyrirrúmi
- 5 Að lögð verði áhersla á hringrásarhagkerfi
- 6 Að landnýting í sveitarfélaginu sé ábyrg og sjálfbær
- 7 Að auka fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu ásamt því að gera fræðsluefni aðgengilegt fyrir íbúa
- 8 Að hvetja íbúa og fyrirtæki til umhverfisvænni og heilsusamlegri lífsstíls
- 9 Að umhverfisstefnan verði höfð að leiðarljósi við ákvörðunartöku sveitarfélagsins
- 10 Að aðgerðaáætlun umhverfisstefnunnar verði uppfærð með reglulegum hætti

Loftslag og orka

Formáli

Loftslagsmál og hlýnun jarðar hafa verið mikið í umræðunni undanfarin ár og verða sífellt meira áberandi með hverju árinu sem líður. Flestir eru sammála um að við viljum ganga vel um náttúruna og nýta auðlindir hennar á sjálfbæran hátt. Hvernig mennirnir nýta orkuauðlindir jarðar hefur mikil áhrif á gæði loftlags og lífsgæði. Jarðhiti á Íslandi er mikilvæg orkuauðlind sem gerir stærstum hluta landsmanna kleift að kynda híbýli sín á afar umhverfisvænan hátt. Flest þeirra sem ekki geta nýtt jarðvarma til upphitunar nota til þess umhverfisvæna raforku.

Hlutverk

Sveitarfélögin gegna veigamiklu hlutverki í að ná þeim alþjóðlegu skuldbindingum og markmiðum sem Ísland hefur sett sér í loftslagsmálum. Þeim er samkvæmt lögum ætlað að móta sér loftslagsstefnu um rekstur sinn og í landsskipulagsstefnu, er lögð áhersla á að skipulag taki mið af loftslagsmálum.

Umhverfisstefna sveitarfélagsins tekur mið af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sífellt meiri kröfur eru gerðar um aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum í áætlanagerð á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Auknar kröfur eru m.a. gerðar í reglum EES um meðhöndlun úrgangs og innleiðingu hringrásarhagkerfis hugsunar í framleiðslu og starfsemi sem hafa bein áhrif á sveitarfélögin.

Forsendur

Orkuframleiðsla, dreifing og notkun

Í Þingeyjarsveit eru bæði heit og köld svæði. Hitaveitur eru á Laugum, í Aðaldal og hluta Mývatnssveitar, Kaldakinnar, Fnjóskadal og á Stórutjörnum en víða er húsnæði í sveitarfélaginu kynt með rafmagni eða varmadælum. Þrátt fyrir að mikill jarðvarmi sé innan sveitarfélagsins gera fjarlægðir það að verkum að ekki hefur þótt fjárhagslega hagkvæmt að hitaveituvæða sveitarfélagið í heild sinni. Fullur vilji er þó innan sveitarfélagsins að leita leiða til dreifingar á heitu vatni til húshitunar á fleiri svæði sé þess nokkur kostur svo fleiri geti notið þeirra lífsgæða sem heita vatnið býður upp á.

Í sveitarfélaginu eru margar virkjanir sem framleiða rafmagn með endurnýjanlegri hreinni orku. Vatnsaflsvirkjanirnar eru m.a. Laxárvirkjun, Árteigsvirkjun, Eyjardalsvirkjun og Hólsvirkjun og

jarðvarmavirkjanirnar á Þeistareykjum, Bjarnaflagi og Kröflu. Einnig er í sveitarfélaginu talsverður fjöldi smávirkjana og heimarafstöðva og þó margar þeirra séu komnar til ára sinna eru einnig nýlegar virkjanir í sveitarfélaginu. Þingeyjarsveit hvetur landeigendur til uppbyggingar og/eða til nýbyggingar á litlum heimarafstöðvum á jörðum sínum. Gerð hefur verið skýrsla varðandi smávirkjunarkosti í sveitarfélaginu og eru niðurstöður hennar að til eru nokkur ónýtt vatnsföll sem vel eru til þess fallin að koma á fót smávirkjunum á umhverfisvænan hátt.

Nýting vindorku er ekki til staðar í Þingeyjarsveit. Engin almenn stefna hefur verið mörkuð um vindorku á Íslandi og hefur Þingeyjarsveit enn sem komið er ekki tekið afstöðu til málaflokksins.

Raflínur hafa verið talsvert áberandi í Þingeyjarsveit enda eru vegalengdir mjög miklar milli svæða. Stærstar eru Kröflulína, Þeistareykjalína og Hólasandslína 3 sem tengir Þeistareyki og Laxárvirkjun til Akureyrar.

Talsvert vantar upp á að þriggja fasa rafmagn sé í öllu sveitarfélaginu sem hamlar bæði landbúnaðar- og fyrirtækjastarfsemi. Úrbætur á eldri línunum eru hafnar á landsvísu og er stefna Raríks að allt dreifikerfi þeirra fari í jörð og verði þriggja fasa. Unnið er samkvæmt framkvæmdaáætlun en Ríkissjóður hefur í einhverjum tilfellum lagt til aukið framlag til að flýta framkvæmdum.

Til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif virkjanakosta, skiptir gríðarmiklu máli að vanda vel til verka við alla umfjöllun, undirbúning og ákvörðunartöku vegna slíkra verkefna. Við mat og ákvörðun á nýjum orkukostum skal taka tillit til gildandi rammaáætlunar hverju sinni.

Þingeyjarsveit vill hvetja íbúa til að huga að hagkvæmri rafmagnsnotkun, leita leiða til að draga úr orkunotkun án þess að skerða lífsgæði og velja umhverfisvænar lausnir þar sem það á við.

Samgöngur og orkuskipti

Í Þingeyjarsveit eru ennþá margir malarvegir. Malarvegir hafa hamlandi áhrif á uppbyggingu og möguleika á orkuskiptum bílaflotans í hluta sveitarfélagsins. Þingeyjarsveit vill leggja áherslu á bættar vegsamgöngur, svo sem uppbyggingu og bundið slitlag á alla vegi og tvöföldun á einbreiðum brúm þar sem umferð er mikil. Sveitarfélagið hvetur íbúa til að sameinast í bíla og samnýta ferðir. Með minni og hagkvæmari umferð á vegum, eykst umferðaröryggi, svifryk og útblástur minnka ásamt sparnaði á eldsneyti og tækjum. Sveitarfélagið hvetur til fjarfunda þar sem það á við.

Meirihluti farartækja íbúa sem og önnur vinnu- og landbúnaðartæki í sveitarfélaginu er bensín-eða díselolíudrífín en eigendum rafmagnsbíla og tvinnbíla fer fjölgandi. Með sí auknum valkostum á umhverfisvænum farkostum aukast möguleikar íbúa á að taka þátt í orkuskiptum bíla- og tækjafloata landsmanna.

Stefnt er að því að hvetja söluaðila rafmagns að koma að uppsetningu hleðslustöðva í sveitarfélaginu m.a. við fjölsóttu vinnu- og ferðamannastaði, skóla, félagsheimili og íþróttamiðstöðvar. Með fjölgun hleðslustöðva aukast líkur á að rafmagnsbíll sé fýsilegur kostur fyrir íbúa í jafn dreifbýlu sveitarfélagi og Þingeyjarsveit er.

Úrgangur og endurnýting

Í Þingeyjarsveit er sorp flokkað og flutt til endurvinnslu. Almenn sorp fer til urðunar. Á hverju heimili eru 3 flokkunartunnur (fyrir plast, pappa og almennt sorp) og sér Þingeyjarsveit í samvinnu við gámafyrirtæki um að sækja allt almennt og flokkað sorp heim til íbúa. Tvö gámasvæði eru í sveitarfélaginu, á Grundarmel í landi Stórutjarna og í landi Grímsstaða í Mývatnssveit, sem tekur á móti öllu sorpi þar sem íbúar flokka í gáma. Gámasvæðin taka við mengandi úrgangi til förgunar.

Sveitarfélagið verður skv. lögum að flokka lífrænan úrgangur og koma í viðeigandi endurnýtingarferli. Stefna sveitarfélagsins er að fræða og vekja fólk til umhugsunar um matarsóun og hvetja íbúa til að minnka úrgang til urðunnar. Einnig hvetur sveitarfélagið til sem bestar endurnýtingar þar sem það á við. Efla mætti gámasvæði m.a. með því að hafa til staðar nytjagám.

Sveitarfélagið stefnir á að bæta úr endurvinnslu heyrúlluplasts og áhugi er á að koma á samstarfi við innlenda aðila sem taka við rúlluplasti til endurvinnslu.

Kolefnislosun og binding í gróðri og jarðvegi

Kolefnislosun frá framræstu landi getur verið mikil. Samkvæmt náttúruverndarlögum nýtur votlendi sérstakrar verndar á Íslandi og er töluvert af því í Þingeyjarsveit. Unnið er að kortlagningu skurða á Íslandi og meta má út frá því korti fjölda skurða sem eru t.d. á eyðijörðum eða eru búnir að þjóna tilgangi sínum. Sveitarfélagið stefnir að því að upplýsa um leiðir til endurheimtar votlendis á svæðum sem ekki eru nýtt til ræktunar í dag.

Kolefnislosun getur einnig átt sér stað á illa förnu landi. Virk jarðvegs- og gróðureyðing losar kolefni út í andrúmsloftið. Með því að stöðva jarðvegsrof og gróðureyðingu er hægt að koma í veg fyrir losun.

Miklir möguleikar eru á bindingu kolefnis með landgræðslu og skógrækt í Þingeyjarsveit. Á mörgum svæðum í sveitarfélaginu eru náttúrulegir birkiskógar. Í Fnjóskadal er eitt mesta samfellda skóglendi á Íslandi. Fjölmargir aðrir skógar eru í sveitarfélaginu sem margir eru í umsjá Skógræktarinnar. Skógrækt er víða stunduð í sveitarfélaginu með góðum árangri og er stefna Þingeyjarsveitar að hvetja til skógræktar í samræmi við aðalskipulag. Eins er stefna Þingeyjarsveitar að stuðla að endurheimt birkiskóga sem þegar er komin af stað.

Með uppgræðslu á lítt grónum eða gróðurvana svæðum eykst kolefnisbinding, bæði í lífmassa ofanjarðar sem og í jarðvegi. Landgræðsla er því góð og gild aðferð til kolefnisbindingar þó hlutfallslega sé bindihraði mun hægari en með öðrum aðferðum. En á móti kemur að með landgræðslu er hægt að endurheimta vistkerfi og bæta land. Mikið er af lítt grónu eða ógrónu landi í sveitarfélaginu sem getur bæði hentað til uppgræðslu og skógræktar.

Markmið sem tengjast þessum kafla:

- 1 Að Þingeyjarsveit verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2040
- 2 Að Þingeyjarsveit vinni áfram að því að bæta sorpmál
- 3 Að Þingeyjarsveit hvetji til vistvænni ferðamáta
- 5 Að lögð verði áhersla á hringrásarhagkerfi
- 6 Að landnýting í sveitarfélaginu sé ábyrg og sjálfbær
- 7 Að auka fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu, ásamt því að gera fræðsluefni aðgengilegt fyrir íbúa
- 8 Að hvetja íbúa og fyrirtæki til umhverfissvænni og heilsusamlegri lífsstíls
- 9 Að umhverfisstefnan verði höfð að leiðarljósi við ákvörðunartöku

Leiðir

Markmið 1

Að Þingeyjarsveit verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2040. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Sveitarfélagið móti sér loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun.
- Sveitarfélagið skili losunarbókhaldi um rekstur sinn árlega til UST.
- Sveitarfélagið kolefnisjafni starfsemi sína.
- Auka meðvitund íbúa um málefnið með fræðslu.
- Hvetja til skógræktar og landgræðslu í sveitarfélaginu.
- Skilgreina hvar sé hægt að fara í kolefnisbindingarverkefni.
- Hvetja til endurheimtar votlendis.
- Vinna að því að fá fleiri hleðslustöðvar í sveitarfélagið.

Markmið 2

Að Þingeyjarsveit þrói og vinni áfram að bætingu í sorpmálum. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Finna lausn fyrir lífrænan úrgang frá heimilum og fyrirtækjum.
- Finna staði fyrir óvirkan úrgang fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- Finna lausn á förgun dýrahreja.
- Koma á samstarfi við innlenda aðila sem taka á móti heyrúlluplasti til endurvinnslu.
- Styðja við nýsköpunarverkefni tengd endurnýtingu lífræns úrgangs.

Markmið 3

Að Þingeyjarsveit hvetji til vistvænni ferðamáta. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Vinna að því að fá fleiri hleðslustöðvar í sveitarfélagið.
- Hvetja starfsfólk og íbúa til að nota göngu- og hjólaleiðir til vinnu þar sem við á.
- Sveitarfélagið umbuni starfsfólki fyrir að nota vistvæna ferðamáta.
- Hafi virka upplýsingasíðu á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem fólk getur sótt sér upplýsingar.

Markmið 5

Að lögð verði áhersla á hringrásarhagkerfi. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Hvetja íbúa til að endurnýta eða endurvinnna í stað þess að farga.
- Hvetja íbúa til að nýta sér staðbundna framleiðslu.
- Leggja áherslu á að nýta staðbundin matvæli að eins miklu leyti og hægt er í mótuneytum á vegum sveitarfélagsins.
- Koma fyrir nytjagámi
- Hvetja til breytinga á neysluvenjum íbúa

Markmið 6

Að landnýting í sveitarfélaginu sé ábyrg og sjálfbær. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Skilgreina svæði með tillit til mögulegar landnýtingar (landbúnaðarland, skógræktarsvæði, landgræðslusvæði og svo frv.).
- Flokka landbúnaðarland. Það landbúnaðarland sem flokkað er sem mjög gott landbúnaðarland verði að jafnaði ekki tekið undir annað.
- Forðast að skerða votlendi, birkiskóga og önnur mikilvæg vistkerfi.
- Hvetja til endurheimtar votlendis.
- Farið veði eftir gildandi áætlunum um beitarstýringu.
- Hvetja til að unnið sé að uppgræðslu og skógrækt.
- Gera áætlun um að halda ágengum tegundum plantna og dýra í skefjum.
- Skilgreina stefnu sveitarfélagsins um malarnám og efnistöku.
- Skilgreina þörf á verndun og uppbyggingu landsvæða.

Markmið 7

Að auka fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu, ásamt því að gera fræðsluefni aðgengilegt fyrir íbúa. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Útbúa sérsíðu á heimasíðu sveitarfélagsins sem inniheldur fjölbreyttar upplýsingar og tengla sem fjalla um umhverfismál.
- Útbúa smáauglýsingar sem birtast í Hlaupastelpunni eða aðra miðla með litlum ábendingum eða fróðleiksmolum til íbúa.

Markmið 8

Að hvetja íbúa og fyrirtæki til umhverfisvænni og heilsusamlegri lífsstíls. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Útbúa sérsíðu á heimasíðu sveitarfélagsins sem inniheldur ýmiskonar upplýsingar og tengla á síður sem fjalla um umhverfis- og lýðheilsuáttal.
- Útbúa smáauglýsingar sem birtast í Hlaupastelpunni eða aðra miðla með litlum ábendingum eða fróðleiksmolum til íbúa.
- Hvetja íbúa til að endurnýta eða endurvinnna í stað þess að farga.

Markmið 9

Að umhverfisstefnan verði höfð að leiðarljósi við ákvörðunartöku

- Umhverfisstefnan verði aðgengileg og upplýsandi.

Náttúra og landslag

Formáli

Íslensk náttúra er fjölbreytileg og viðkvæm þar sem landslagið er mótað af ís og eldi, vindi og vatni. Einnig endurspeglar landslagið náttúru- og menningararf þjóðarinnar og því mikilvægt að skipuleggja nýtingu og verndun landsvæða og auðlinda. Verndun náttúrunnar er nauðsynleg til að landnýting fari fram með sjálfbærum hætti þar sem lögð er áhersla á verndun líffræðilegrar fjölbreytni, skógrækt og landgræðslu.

Hlutverk

Sveitarfélög fara með skipulagsvald og því getur Þingeyjarsveit sett fram stefnu í ákveðnum málaflokkum m.a. hvað varðar landnýtingu og umhverfissvænar aðgerðir. Sveitarfélagið gegnir mikilvægu hlutverki og á að sinna m.a. annars þáttum eins og umhverfiseftirliti og –vöktun. Í skipulagsvinnu getur sveitarfélagið því haft áhrif á landslagsbreytingar, nýtingu og verndun svæða.

Forsendur

Þingeyjarsveit er gríðarlega víðfeðmt sveitarfélag með náttúruperlum og auðlindum sem nauðsynlegt er að nýta og vernda á sem bestan hátt. Í sveitarfélaginu eru nokkur friðlýst svæði og mörg vinsæl ferðamannasvæði. Meta þarf þörf á verndun eða uppbyggingu slíkra svæða og gripa til aðgerða ef útlit er fyrir að svæði sé að nálgast þolmörk. Unnið hefur verið að uppbyggingu við Goðafoss sem tókst með miklum sóma og unnið er að uppbyggingu við Aldeyjarsfoss. Skilgreina þarf land svo hægt sé að stýra landnotkun og landnýtingu sem best en góð yfirsýn yfir svæðið er fyrsta skrefið í að vinna skipulega að landbótum og verndun. Stefnt er að flokkun landbúnaðarlands m.a. með það að markmiði að vernda og nýta gott landbúnaðarland, minnka beitarálag, efla skógrækt, endurheimta votlendi, draga úr gróðureyðingu og vernda líffræðilegan fjölbreytileika.

Markmið sem tengjast þessum kafla

6 Að landnýting í sveitarfélaginu sé ábyrg og sjálfbær

7 Að auka fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu ásamt því að gera fræðsluefni aðgengilegt fyrir íbúa

Leiðir

Markmið 6

Að landnýting í sveitarfélaginu sé ábyrg og sjálfbær. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Skilgreina svæði með tilliti til mögulegar landnýtingar s.s. landbúnaðarland, skógræktarsvæði, landgræðslusvæði, ósnortin svæði osfrv.
- Flokka landbúnaðarland. Það land sem skilgreint er sem gott landbúnaðarland verði ekki tekið undir annað.
- Styðja við endurheimt votlendis.
- Forðast að skerða votlendi, birkiskóga og önnur mikilvæg vistkerfi.
- Sjá til að farið sé eftir gildandi áætlunum um beitarstýringu.
- Vinna að uppgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum.
- Meta stöðu ágengra plantna og dýra og vinna aðgerðaáætlun byggða á því mati.
- Móta stefnu sveitarfélagsins um malarnám og efnistöku.
- Skilgreina þörf á verndun og uppbyggingu svæða.
- Finna leiðir til að styðja við umhverfisvænar aðgerðir.
- Koma á kolefnisbindingarverkefni/verkefnum.
- Tryggja aðgengi íbúa að hreinu vatni og vinna að sjálfbærri nýtingu þess.
- Tryggja að vatnsveitur og fráveitur starfi á sem umhverfisvænastan hátt.

Markmið 7

Að auka fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu ásamt því að gera fræðsluefni aðgengilegt fyrir íbúa. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Útbúa svæði á heimasíðu sveitarfélagsins með umhverfistengdu fræðsluefni og fræðsluefni um náttúruvernd.
- Birta vikulega í Hlaupastelpunni fróðleiksmolum eða hnitmiðaðar ábendingar til íbúa.
- Standa fyrir fyrirlesturum og kynningum um umhverfistengd málefni.

Samfélag og lýðheilsa

Formáli

Umhverfisþættir í hverju samfélagi eru samofnir náttúru landsins, vistkerfum, lifnaðarháttum fólks, nýtingu landsins og sjálfbærri þróun. Áherslur í umhverfismálum sem stuðla að bættri umgengni við mannigert og náttúrulegt umhverfi auka umhverfisvitund íbúa og bæta lífsgæði. Útivist og hreyfing stuðlar að bættri lýðheilsu, bæði líkamlegri og andlegri.

Hlutverk

Sveitarfélögum er ætlað að leysa af hendi þau verkefni í umhverfismálum sem lög fela þeim. Stór hluti opinberra verkefna og þjónustu er á ábyrgð þeirra, s.s. fræðslumál og félagsþjónusta sem og að sjá íbúum sínum fyrir almennri grunnþjónustu. Sveitarfélög mynda stöðir þess velferðarsamfélags sem við búum í. Auk lögbundinna verkefna hafa sveitarfélög svigrúm til að taka að sér önnur verkefni sem varða íbúa þeirra. Þingeyjarsveit getur sett fram stefnur og markmið í umhverfismálum og unnið markvisst að því að efla samfélagið með það að sjónarmiði að bæta umhverfisvitund og lýðheilsu og þannig stuðla að heilbrigðari lifnaðarháttum, betri heilsu og vellíðan allra íbúa.

Forsendur

Þingeyjarsveit er landfræðilega stórt og dreifbýlt og þar af leiðandi eru fjarlægðir oft miklar. Þó er Þingeyjarsveit aðlaðandi búsetukostur. Reknir eru tveir grunnskólar og þrjár leikskóladeildir. Eins er framhaldsskóli í samfélaginu. Í Þingeyjarsveit eru fjögur félagsheimili og jafn margir íþróttavellir. Í öllum gömlu hreppunum var að finna félagasamtök sem stóðu fyrir félags- og íþróttastarfi. Þau eru ekki öll virk í dag, en Ungmennafélagið Efling er virkt á Laugum og Ungmennafélagið Bjarmi í Fnjóskadal. Hægt væri að nýta þau eða HSP til að ná til íbúa varðandi íþrótt- eða félagsstarf. Þingeyjarsveit gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki og á að vera leiðandi og hvetjandi fyrir samfélagið og vinna markvisst að því að hvetja til og skapa umhverfi og aðstæður sem bæta lífsgæði, heilsu og vellíðan þeirra sem í samfélaginu búa. Þessu má meðal annars ná fram með því að auka umhverfisvitund íbúa og gera þá meðvitaðri um helstu kosti þess að búa í hreinu og fögru umhverfi og með því að auka fræðslu og aðgengi að upplýsingum.

Markmið sem tengjast þessum kafla

- 3 Að Þingeyjarsveit hvetji til vistvænni ferðamáta
- 4 Að auka nýsköpun innan svæðisins með sjálfbærni í fyrirrúmi
- 5 Að lögð verði áhersla á hringrásarhagkerfi
- 7 Að auka fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu ásamt því að gera fræðsluefni aðgengilegt fyrir íbúa
- 8 Að hvetja íbúa og fyrirtæki til umhverfisvænni og heilsusamlegri lífsstíls

Leiðir

Markmið 3

Að Þingeyjarsveit hvetji til vistvænni ferðamáta. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Kortleggja stíga og slóða sem hægt er að nota til göngu og hjólríða.
- Vinna að því að fá fleiri hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla í sveitarfélagið
- Stuðla að öruggum og umhverfisvænum samgöngum.

Markmið 4

Að auka nýsköpun innan svæðisins með sjálfbærni í fyrirrúmi. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Halda áfram og hvetja til þátttöku íbúa í verkefninu Nýsköpun í norðri.

Markmið 5

Að lögð verði áhersla á hringrásarhagkerfi. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Kynna og hvetja til hringrásarhugsunar í neyslu og framleiðslu.
- Bæta og auka flokkun og endurvinnslu ýmissa úrgangstegunda frá heimilum, sumarhúsum og fyrirtækjum.
- Hvetja íbúa til að endurnýta og endurvinna í stað þess að farga.
- Setja upp nytjagám á gámasvæði.
- Hvetja til þess að dregið verði úr matarsóun.
- Halda áfram samstarfi við Landgræðsluna um uppgræðslu á eyddum svæðum.

Markmið 7

Að auka fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu, ásamt því að gera fræðsluefni aðgengilegt fyrir íbúa. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Hafa upplýsingar um umhverfismál á vísum stað fyrir íbúa.
- Hvetja skóla sveitarfélagsins til taka þátt í grænánaverkefni og öðrum umhverfisvænum verkefnum.
- Sveitarfélagið fari í átak til að hvetja íbúa til að bera virðingu fyrir umhverfinu og sýna ábyrgð í umhverfismálum.
- Stuðla að aukinni vitundarvakningu á meðal almennings um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sjálfbæra þróun og áhrifaþætti umhverfis á heilsu og mannlíf.
- Bæta aðgengi að upplýsingum um útivistaraðfeyringu á svæðinu.

Markmið 8

Að hvetja íbúa og fyrirtæki til umhverfisvænni og heilsusamlegri lífstíls. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Gera sveitarfélagið að heilsueflandi samfélagi.
- Styðja samfélagið í að skapa umhverfi og aðstæður í lífi, leik og starfi sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, sem bæta heilsu og vellíðan íbúa.
- Kortleggja stíga og slóða sem hægt er að nota til göngu og hjólríða sem og annarrar útivistar.
- Setja bekkir eða einföld æfingartæki við göngustíga eða áningarstaði.
- Setja upplýsingar um útivistar- og aðfeyringarsvæði á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Setja upplýsingar um viðburði í sveitarfélaginu á heimasíðu sveitarfélagsins.

Atvinnustarfsemi

Formáli

Starfsumhverfi breytist stöðugt og í nútímasamfélagi breytist það og þróast hraðar en áður. Starfsumhverfi getur breyst skyndilega eins og glögglega kom í ljós bæði í COVID-19 heimsfaraldrinum og eldgosinu í Eyjafjallajökli. Stjórnendur fyrirtækja standa því frammi fyrir margskonar áskorunum en áskoranir og breytingar bjóða upp á ný tækifæri. Síaukin krafa er um að fyrirtæki hugi betur að umhverfismálum um leið og sífellt fleiri viðskiptavinir horfa á þessa þætti þegar velja skal á milli vöru og þjónustu. Ýmis atvinnustarfsemi er í Þingeyjarsveit og verður þessum kafla skipt í þrennt: Ferðaþjónusta, landbúnað og aðra atvinnustarfsemi.

Hlutverk

Ætlun sveitarfélagsins er að umhverfisstefnan verði höfð að leiðarljósi í starfsemi fyrirtækja og að hún verði verkfæri til jákvæðrar ímyndarsköpunar og markaðssóknar á íslenskum og erlendum mörkuðum fyrir framleiðslu og starfsemi á svæðinu. Sveitarfélagið hvetur fyrirtæki til að innleiða skipulagt umhverfisstarf, setja sér markmið og áætlun. Slík innri stefna getur leitt af sér margskonar ávinning fyrir utan góð áhrif á umhverfið og bættu ímynd s.s. bættu nýtingu, sparnað og ánægðara starfsfólk.

Ferðaþjónusta

Forsendur

Ferðaþjónusta hefur farið vaxandi ár frá ári og er orðinn mikilvægur liður í atvinnusköpun og atvinnuframboði fyrir fólk á sumrin en einnig á ársgrundvelli. Auk þess er ferðaþjónusta orðin mikilvægur hluti tekna margra heimila þar sem íbúarnir sinna henni meðfram annarri vinnu. Ferðaþjónustan getur lagt lóð sitt á vogarskálarnar og unnið markvisst að bættum umhverfismálum. Fyrirtæki innan ferðaþjónustunnar eru hvött til að nýta sér fræðsluefni sem stuðlar að umhverfisvænni starfsemi og vinna eftir þeim umhverfisstefnum sem greinin setur sér. Eins er mikilvægt að þau fyrirtæki sem nýta sér náttúruna og auðlindir hennar hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Landbúnaður

Forsendur

Landbúnaður byggir á nýtingu náttúruauðlinda. Það er skylda þeirra sem nýta náttúruna hverju sinni að ganga ekki á auðlindir hennar þannig að það rýri nýtingarmöguleika komandi kynslóða.

Landbúnaður er ekki lengur algengasta atvinnustarfsemin í Þingeyjarsveit en hún er yfirgripsmest hvað varðar landrými og landnýtingu. Því er mikilvægt að bændur hugi að umhverfismálum og miði aðgerðir á búunum að loftslagsvænni landbúnaði. Þingeyjarsveit vill leggja áherslu á sjálfbæran landbúnað. Grunnurinn að sjálfbærum landbúnaði er sjálfbær landnýting. Huga þarf vel að ástandi þess lands sem notað er og auka þekkingu á ólíkum svæðum landsins sem notað er undir landbúnað, t.d. beitilandi. Í verkefninu *GróLind* er verið að meta og vakta gróður- og jarðvegsauðlindir Íslands, þróa sjálfbærnivísa og kortlagningu landnýtingar. Niðurstöðum verkefnisins er ætlað að leggja grunn að sjálfbærri landnýtingu, betri skipulagningu og þar af leiðandi auknu virði afurða. Þetta verkefni verður verkfæri til að afla upplýsinga sem hægt er að nýta til ákvarðanatöku og meta ástand vistkerfa og breytingar á því.

Þingeyjarsveit leggur áherslu á að samspil landbúnaðar, líffræðilegrar fjölbreytni og náttúruverndar leiði til þess að í héraði verð stundaður öflugur og sem sjálfbærastur landbúnaður. Þróa þarf hringrásarhagkerfi sem m.a. bætir nýtingu búfjáráburðar og úrgangs og eflir innlenda fóðuröflun.

Önnur atvinnustarfsemi

Forsendur

Önnur atvinnustarfsemi fyrir utan ferðapjónustu og landbúnað er ekki umfangsmikil í sveitarfélaginu en er samt sem áður nokkuð ólík. Má til að mynda nefna snyrtistofu, mörbæðslu, fiskhausapurkrun og byggingarfyrirtæki. Í fámennu sveitarfélagi er hvert fyrirtæki mikilvægt og eykur fjölbreytni í atvinnulífi og mannauði. Fyrirtæki eru hvött til að bera virðingu fyrir landi og umhverfinu og sýna ábyrgð í umhverfismálum. Mikilvægt er að þau fyrirtæki sem nýta sér auðlindir náttúrunnar hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Markmið sem tengjast þessum kafla

- 1 Að Þingeyjarsveit verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2040
- 2 Að Þingeyjarsveit vinni áfram að því að bæta sorpmál
- 3 Að Þingeyjarsveit hvetji til vistvænni ferðamáta
- 4 Að auka nýsköpun innan svæðisins með sjálfbærni í fyrirrúmi (NÍN)
- 5 Að lögð verði áhersla á hringrásarhagkerfi
- 6 Að landnýting í sveitarfélaginu sé ábyrg og sjálfbær

- 7 Að auka fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu ásamt því að gera fræðsluefni aðgengilegt fyrir íbúa
- 8 Að hvetja íbúa og fyrirtæki til umhverfisvænni og heilsusamlegri lífsstíls
- 9 Að umhverfisstefna verði höfð að leiðarljósi við ákvörðunartöku sveitarfélagsins

Leiðir

Markmið 1

Að Þingeyjarsveit verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2040. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Vinna að því að fá fleiri hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla í sveitarfélagið.
- Hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að skoða orkunotkun sína og hvort hægt sé að breyta á einhvern hátt til umhverfisvænni leiða.
- Hvetja fyrirtæki til að fylgjast vel með framþróun og þeim leiðum sem hægt er að nýta sér til að minnka kolefnisspor þeirra.
- Hvetja fyrirtæki til að setja sér umhverfisstefnu með tímasettum og mælanlegum markmiðum.
- Hvetja fyrirtæki til að huga að umhverfisvænni orkunotkun.
- Hvetja fyrirtæki til að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti.
- Hvetja til að minni aksturs, samnýta ferðir og sinna fleiri en einu erindi í einu.
- Hvetja fyrirtæki til að kolefnisjafna starfsemi sína.

Markmið 2

Að Þingeyjarsveit vinni áfram að því að bæta sorpmál. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Finna lausn fyrir lífrænan úrgang frá heimilum og fyrirtækjum.
- Finna stað fyrir óvirkan úrgang fyrir íbúa og fyrirtæki sveitarfélagsins.
- Hvetja og fræða fyrirtæki um hvað megi bæta og hvernig hægt sé að vinna að úrbótum.
- Hvetja fyrirtæki til að flokka sorp og kynna fyrir gestum sínum hvernig skal flokka
- Samvinna við landbúnaðarfyrirtæki um hvað megi bæta og hvernig hægt væri að vinna í sameiningu að úrbótum.
- Sveitarfélagið hvetji fyrirtæki til endurnýtingar og endurvinnslu eins og hægt er.
- Sveitarfélagið hvetji fyrirtæki til að draga úr notkun plasts og óumhverfisvænna umbúða .
- Hugsa að mengun vegna frárennslis og útskolunar næringarefna.

Markmið 3

Að Þingeyjarsveit hvetji til vistvænni ferðamáta. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Vinna að því að fá fleiri hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla í sveitarfélagið.
- Kortleggja og merkja stíga og slóða sem hægt er að nota til göngu og hjólreiða.
- Hvetja til að minni aksturs, samnýta ferðir og sinna fleiri en einu erindi í einu

Markmið 4

Að auka nýsköpun innan svæðisins með sjálfbærni í fyrirrúmi. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Útbúa síðu á heimasíðu sveitarfélagsins sem inniheldur upplýsingar og tengla um sjálfbærni og nýsköpun í ferðaþjónustu, landbúnaði og annarri atvinnustarfsemi.
- Hvetja ferðaþjónustufyrirtæki til að bjóða upp á vistvænar eða umhverfismerktar vörur.
- Hvetja ferðaþjónustufyrirtæki til að kaupa vörur framleiddar í heimabyggð.

Markmið 5

Að lögð verði áhersla á hringrásarhagkerfi. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Hvetja íbúa og fyrirtæki til að endurnýta eða endurvinna í stað þess að farga.
- Sveitarfélagið hvetji fyrirtæki til að kaupa staðbundnar vörur og hráefni.

Markmið 6

Að landnýting í sveitarfélaginu sé ábyrg og sjálfbær. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Skilgreina þörf á verndun og uppbyggingu landsvæða.
- Greina og forgangsráða þeim svæðum sem eru undir mestu álagi.
- Skilgreina svæði með tilliti til mögulegrar landnýtingu (landbúnaðarland, skógræktarsvæði, landgræðslusvæði o.s.frv.).
- Styðja skógrækt á þeim svæðum þar sem hún hentar.
- Flokka landbúnaðarland - það landbúnaðarland sem flokkað er sem mjög gott landbúnaðarland verði ekki tekið undir annað.
- Styðja að endurheimt votlendis þar sem það á við.
- Forðast að skerða votlendi, birkiskóga og önnur mikilvæg vistkerfi.
- Sjá til að farið sé eftir gildandi áætlunum um beitarstýringu.
- Unnið að uppgreðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum.
- Gera áætlun um að halda ágengum tegundum plantna og dýra í skefjum.
- Móta stefnu sveitarfélagsins um malarnám og efnistöku.
- Bæta áburðarnotkun, tilbúinn áburð og búfjáraburð.

Markmið 7

Að auka fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu, *ásamt því að* gera fræðsluefni aðgengilegt fyrir íbúa. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Útbúa síðu á heimasíðu sveitarfélagsins sem inniheldur upplýsingar og tengla sem fjalla um umhverfismál og náttúruvernd.
- Hvetja ferðaþjónustuaðila til að veita gestum sínum upplýsingar um íslenska náttúru og þær umgengnisreglur sem hafðar eru að leiðarljósi s.s. að halda sig innan stíga þar sem það á við og reglur um utanvegaakstur.
- Hvetja bændur til að kynna sér og vinna eftir umhverfisstefnu landbúnaðarins sem sett hefur verið fyrir greinina af hálfu Bændasamtaka Íslands.

Markmið 8

Að hvetja íbúa og fyrirtæki til umhverfisvænni og heilsusamlegri lífsstíls. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Útbúa síðu á heimasíðu sveitarfélagsins sem inniheldur upplýsingar og tengla á síður sem fjalla um umhverfismál.
- Hvetja til notkunar umhverfsvænna hreinsiefna.
- Hvetja til minni notkunar einnota umbúða og hluta.
- Að hvetja íbúa og fyrirtæki til umhverfsvænni og heilsusamlegri lífsstíls
- Lífræn framleiðsla?
- Hvetja bændur til að halda bújörðum sínum hreinum snyrtilegum.
- Hvetja fyrirtæki til að halda lóðum sínum og nærumhverfi hreinu og snyrtilegu.
- Hvetja íbúa til að taka virkan þátt í umhverfisverkefnum og umhverfisstarfi í Þingeyjarsveit.

Markmið 9

Að umhverfisstefna verði höfð að leiðarljósi við ákvörðunartöku sveitarfélagsins. Stefnt er að því markmiði með því að:

- Umhverfisstefnan verði höfð að leiðarljósi við afgreiðslu erinda frá fyrirtækjum í sveitarfélaginu.
- Þingeyjarsveit hvetji fyrirtæki til að fylgjast með og tileinka sér stefnu sveitarfélagsins í umhverfismálum.

Viðauki 1 – Samningar og samkomulög

Ramsarsamningurinn - samningur um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf

Samningur gerður í Ramsar árið 1971. Aðild Íslands tók gildi þann 2. apríl 1978 (Stj.tíð.C 1/1978, 10/1986 & 19/1993). Markmið samningsins er að stuðla að verndun votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæða fyrir votlendisfugla. Votlendissvæði Mývatn-Laxá er á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði.

Bernarsamningurinn – samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu

Samningur gerður í Bern árið 1979, öðlaðist gildi árið 1982. Aðild Íslands tók gildi þann 1. október 1993 (Stj.tíð.C 17/1993). Markmið samningsins er að stuðla að verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlega samvinnu þarf til að vernda.

Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims

Samningur gerður af Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna í París árið 1972. Aðild Íslands tók gildi 29. desember 1995. Hlutverk samningsins er fyrst og fremst að tryggja að verðmætar menningar- og náttúruminjar verði ekki tortímingu að bráð og það verði sameiginleg ábyrgð þjóða heims að vernda þær. Sérstaða sáttmálans er sú að hann setur menningarverðmæti og náttúruverðmæti undir einn hatt. Samkvæmt samningnum er samin heimsminjaskrá um einstæð mannvirki, sögustaði og náttúruminjar sem telja má hluta af sameiginlegum arfi mannkyns. Aðildarríki

viðurkenna að þær menningar- og náttúruminjar sem settar eru á heimsminjaskrá séu alþjóðlegar og að skylda hvíli á þjóðum heims að vernda þær.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni

Samningur gerður í Ríó de Janeiro árið 1992, öðlaðist gildi árið 1993. Aðild Íslands tók gildi 11. desember 1994 (Stj.tíð.C 3/1995). Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni og stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna

Samningurinn var samþykktur árið 1992 og tók gildi tveimur árum síðar. Markmið samningsins er „að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um að auðvelda félagslega og efnahagslega aðlögun að loftslagsbreytingum.

Ísland er aðili að samningnum og hefur umhverfis- og auðlindaráðuneytið umsjón með framkvæmd hans, sem og þeim tveimur bókunum sem gerðar hafa verið við samninginn, þ.e. Kýótó-bókuninni og Parísarsamningnum.

Kyoto-bókunin er bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem samþykkt var í japönsku borginni Kyoto í lok árs 1997. Markmið rammasamningsins er að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta. Ísland fullgilti Kyoto-bókunina þann 23. maí 2002.

Parísarsamkomulagið er samþykkt gerð innan Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem fæst við útblástur gróðurhúsalofttegunda frá og með árinu 2020. Samkomulagið tekur þannig við af Kýótóbókuninni sem nær til ársins 2020.

Heimsmarkmið sameinuðuþjóðanna

Gildandi rammaáætlun

Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum

<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>